

BORGARRÁÐ 5. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfshóp og reiknilíkan vegna skýrslu innri endurskoðunar um grunnskóla frá 2019 - R20110107

Í skýrslu Innri endurskoðunar frá 2019, Úthlutun fjárhagsramma og rekstur í grunnskólum Reykjavíkur, kom fram að við úthlutun fjárheimilda fyrir grunnskóla sé notast við ákveðið úthlutunarlíkan sem sett er fram í Excel vinnuskjali. Þetta líkan hefur verið notað í nær tuttugu ár til að áætla fjármagnsþörf skólanna. Fram kom að líkanið væri orðið mjög „plástrað“ og raunar úrelt því mikið hefur breyst í umhverfi skólanna á þessu tímabili. Í skýrslunni segir einnig að skipaður hafi verið starfshópur til að rýna aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar og koma áætlunargerðinni inn í áætlunarkerfi borgarinnar. Starfshópnum var ætlað að ljúka störfum fyrir lok ársins 2019 .

Nú er árinu 2020 að ljúka og óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá upplýsingar um hvort þessi vinna sem starfshópnum var ætlað að ljúka fyrir lok ársins 2019 er lokið? Er nýtt reiknilíkan komið í gagnið og ef svo er hvernig reynist það?